

Gangnaseðill í Spákonufellsborg 2020


Fyrri haustgöngur fara fram föstudaginn 11. september, seinni haustgöngur fara fram föstudaginn 18. september og eftirleitir verða föstudaginn 25. september.

Gangnaforingi er Magnús Guðmannsson.

Réttarstjóri í báðum réttum er Einar Haukur Arason og er hann jafnframt smitvarnarfulltrúi.

Farið er fram Hrafnadal og fram í Ármót, vestur Brandaskarð með hreppagirðingu að norðan. Spákonufellsborg að sunnanverðu að Hrafná að Fellsrétt. Undanskilin er skógræktargirðing. Í Borgina leggi eftirtaldir til menn:

	Fyrri göngur	Seinni göngur
Jón Heiðar Jónsson	3	2
Sigþór Hallgrímsson	2	2
Magnús Guðmannsson	1	1
Einar Haukur Arason	1	
Dagný Þorgeirsdóttir	1	1
Rúnar Józefsson	2	2



Í eftirleit fara fjórir menn. Þær annast Jón Heiðar Jónsson.

Úr leiðbeiningum vegna gangna og rétta vegna COVID-10 frá LS, BÍ, SÍS, Almannavörnum og Sóttvarnarlækni: Áhersla er lögð á að hver og einn beri ábyrgð á eigin athöfnum og að „**Við erum öll almannavarnir**“. Vegna fjöldatakmarkanna er mælt til þess að gestir komi ekki til réttarstarfa og því verður fylgt eftir, því einungis þeir sem eiga fjárvon í réttum eða eru þar til að aðstoða við réttarstörf er heimilt að koma í réttina. Gangnaforingjar haldi nákvæman lista yfir þátttakendur í göngum og skili til oddvita Skagabyggðar um leið og hann liggur fyrir. Allir sem taka þátt í göngum og réttum skulu hlaða niður smitrakningarappi Almannavarna. Vegna smitvarna er **mælt til þess að áfengi verði ekki haft um hönd**. Allir einstaklingar sem ekki deila heimili og taka þátt í göngum og réttum eru hvattir til að viðhalda 2ja metra fjarlægðarreglu í samskiptum við aðra.

Með vísan til 20. greinar fjallskilareglugerðar A-Hún.: „Hafi búfjáreigandi engan hæfan mann til fjallskila og getur eigi útvegað hann, skal hann tilkynna hreppsnefnd eða fjallskilastjóra það skriflega fjórum dögum áður en fjallskilin eiga að vinnast, en þessir aðilar útvega mann eða annað sem vantar, svo sem hesta eða fæði, og borgar þá búfjáreigandi allan kostnað, sem af fjallskilum leiðir, án tillits til mats á þeim“.

Að öðru leyti en hér greinir fer um skyldur og réttindi manna eftir fjallskilasamþykkt fyrir Austur-Húnavatnssýslu nr. 299/2009.